

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, fyrir Virkisás 26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. október 2025 breyting á deiliskipulagi Áslands, 4. áfanga, vegna Virkisáss 26. Breytingin felst í því að í kafla 3 um sérákvæði í greinargerð og skipulagsskilmálum „Deiliskipulag Ásland 4. áfangi“ er gerð textabreyting varðandi útbyggingar fyrir lóðina Virkisás 26.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 10. október 2025.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,  
**Aleksandra Julia Wegrzyniak**, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

---

B deild - Útgáfudagur: 24. október 2025